

Enska

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- auki getu sína í að skilja talað mál og hlusta eftir bæði aðalatriðum og nákvæmnisatriðum
- lesi texta af margvíslegri gerð og vinni með lesefni í tengslum við aðra færniþætti
- geti tekið þátt í samskiptum innan kennslustofunnar á ensku og geti sagt frá áhugamálum sínum og umhverfi
- geti skrifað skipulega skiljanlega einfalda texta eftir fyrirmælum
- fái þjálfun í rétttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni
- auki orðaforða sinn

Námsefni

Portfolio - Build Up 1

Topic Books

Are you listening – hlustunarefni

Málfræðihefti A

Dickory

Kennsluform

Kennslan byggist á tal- og hlustunaræfingum í tímum og verkefnavinnu sem tengist þeim. Einstaklings og hópavinna.

Námsmat

Í ensku er gefin skólaeinkunn á haust og vorönn og prófseinkunn á vorönn

- ástundun 30%
- kannanir 40%
- heimanám 30%

Heimilisfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- efli skilning sinn á hollustu og heilbrigði
- auki þekkingu sína á fæðuflokkunum
- geri sér grein fyrir áhrifum neysluvenja á heilsuna og átti sig á gildi hollrar fæðu
- kunni að nota rétt áhöld og tæki við matargerð og bakstur
- geri sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis við matreiðslu og heimilisstörf

Námsefni

Heimilisfræði fyrir 6. bekk

Verkefni og uppskriftir frá kennara.

Kennsluform

Innlögn, leiðsögn, einstaklings- og hópavinna. Kennslan verður bæði bókleg og verkleg.

Námsmat

Árgangnum er skipt upp í tvo hópa og fær hver hópur kennslu hálf skólárið. Um símat er að ræða þar sem frammistaða hvers og eins er metin.

- vinnubók 20%
- framkoma 20%
- frumkvæði og vinnubrögð 60%

Hönnun og smíði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- sýni handverki virðingu og meti það að verðleikum
- efli sjálfsmýnd sína og frumkvæði í skapandi starfi sem virkir þátttakendur.
- geti sett fram og mótað eigin hugmyndir.
- geti beitt helstu handverkfærum sem nota má við gerð smíðisgripa
- geti notað einföld rafmagnsverkfæri og umgengist þau á ábyrgan hátt
- séu ávallt meðvitaðir um þær hættur sem geta skapast við notkun tækja og tóla og nýti þann öryggisbúnað sem áskilinn er hverju sinni
- þekki helstu yfirflokka smíðaefnis, eiginleika og notagildi þess
- tileinki sér ávallt góðan frágang efna og áhalda að lokinni notkun
- þrói með sér hæfni til að vinna með öðrum
- átti sig a gildi verklegs náms fyrir tengsl skóla og atvinnulífs

Námsefni

Óformlegar samræður kennara og nemenda, blöð, teikningar, hugmyndir nemenda o.fl.

Kennsluform

Hópkennsla og einstaklingsaðstoð. Nemendur hanna a.m.k einn smíðagrip í samráði við kennara. Skylduverkefni eru snagi og skóhorn. Haldið er áfram að byggja ofan á þekkingu og færni nemenda frá fyrri árum.

Námsmat

Í smíðum er gefin skólaeinkunn í lok annar.

- virkni, hegðun, vinnubrögð og afrakstur 80%
- mappa 20%

Íslenska

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- auki lestrarhæfni sína, orðaforða og lesskilning
- lesi fjölbreytt efni að eigin vali, sér til fróðleiks og skemmtunar
- ræði um bókmenntaverk sem hann hefur hlustað á og/eða lesið geri sér grein fyrir hugtökunum aðal- og aukapersónur, umhverfi og boðskapur
- þekki hugtökin persóna, söguhetja, söguþráður og sögulok
- þjálfist í að lesa ljóð
- kynnist ljóðagerð og bragfræði
- læri orðskýringar
- kynnist nokkrum ljóðahöfundum
- þekki orðflokkanafnorð, sagnorð og lýsingarorð og helstu einkenni þeirra
- geti sambeygt algeng nafnorð og lýsingarorð í eintölu og fleirtölu
- læri að fallbeygja mannanöfn
- geri sér grein fyrir stigbreytingu og kynbeygingu lýsingarorða
- átti sig á muninum á nútíð og þátíð og geta breytt tíð frásagna
- vinni með stofn orða og geta nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu
- geti búið til samsett orð
- læri að skrifa samfelldan texta
- þjálfist í notkun orðabóka
- læri að vinna með útdrátt og endursögn
- læri að vinna með krossgátur
- þjálfist í tengiskrift, skrifi skýrt og greinilega og vandi allan frágang
- þekki hugtökin upphaf, miðja og endir í frásögn
- geti skráð aðalatriði úr texta og geti skrifað almenna texta rétt eftir upplestri
- læri að fara eftir flestum stafsetningarreglum, má þar nefna n- og nn reglunni, ng- og nk-reglunni og um i, í og y, ý
- geti tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og stærri hópum
- geti lesið upphátt sögur og ljóð með réttum áherslum
- þjálfist í að horfa á fræðsluefni með athygli og vinna úr upplýsingum sem þar koma fram

Námsefni

Finnbjörg

Mál í mótun verkefnabók og grunnbók

Málrækt 2

Skræða grunnbók og verkefnabók

Réttitunarorðabók og verkefnabók

Emil, Skundi og Gústi

Rauðkápa

Kennsluform

Í tímum vinna nemendur einstaklingslega eða í hópum sem er háð viðfangsefninu einnig verða unnin valin verkefni í skólanum og heima, lögð er áhersla á vönduð og góð vinnubrögð.

Námsmat

Gefinn er skólaeinkunn og prófseinkunn að hausti og vori.

Skólaeinkunn

að hausti

- ástundun og vinnubrögð 25%
- ritgerð 20%
- kannanir 30%
- verkefni 25%

að vori

- ástundun og vinnubrögð 25%
- bókmenntaritgerð 25%
- kannanir 30%
- verkefni 20%

Íþróttir

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- efli þol, styrk, kraft og liðleika
- skilji mikilvægi reglubundinnar líkamsræktar og finni til þess leiðir við sitt hæfi
- fái aukið sjálfstraust, viljastyrk og áræði
- fræðist um íþróttir, líkamsrækt og heilsuvernd
- fái stuðning við þroskaferli í öðrum námsgreinum
- fari eftir reglum og virði þær

Námefni

Útileikir, leikir, körfubolti, fitness, fótbolti, stöðvar, cooper próf, píptest, liðleikapróf, sipp-próf, bandý, skólahreysti, handbolti, frjálssar íþróttir, badminton, útihlaup.

Námsmat

- próf (cooper, píptest, langstökk án atr., kúluvarp, liðleiki og sipp) 50%
- mæting, virkni, áhugi og framkoma 25%
- gögn 25%

Lífsleikni

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- viti að hver og einn hefur persónuleg og tilfinningaleg mörk sem hægt er að ganga of nærri með neikvæðum áreitum
- átti sig á gildi hirðusemi um líkama sinn, umhverfi, eigin eigur og annarra
- þekki hugtök á borð við hugrekki, hófsemi, tillitssemi, fífldirfska, þolinmæði, ábyrgð, kurteisi, græðgi o.s.frv.
- geti nýtt sér upplýsingar úr fjölmiðlum og öðrum miðlum um daglegt líf og nauðsynjar
- geri sér grein fyrir ýmsum kostnaði, t.d. rekstri og kostnaði vegna umönnunar gæludýrs
- geti bent á auglýsingar sem höfða til barna
- kunni helstu umferðarreglur og þekki algengustu umferðarmerki
- þekki þær reglur sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig
- þjálfist í að hlusta á aðra og virða skoðanir annarra

Námsefni

Olweus

Valið efni frá kennara

Kennsluform

Verkefni unnin, útlistanir, umræðu- og spurnaraðferðir, sköpun, innlifun og tjáning, einstaklings- og hópvinna. Áhersla verður á uppbyggjandi samskipti og að taka ábyrgð á eigin hegðun.

Námsmat

Í lífsleikni er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- Virkni og þátttaka í umræðum 100%

Myndmennt

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- kunni skissugerð og öðlist skilning á mikilvægi hennar sem eðlilegts hluta af vinnuferli
- vinni með stærðir og hlutföll
- blandi saman ólíkum efnum og noti margvíslega tækni í sömu mynd (blönduð tækni)
- geti unnið þrívíð verk sem sýni áhrif ljóss og skugga á form og áferð
- viti að sólarljós og veðurfar hefur áhrif á liti umhverfisins
- geti beitt litum til að fá fram áhrif í mynd
- þekki feril hönnunar frá hugmynd til vöru
- þekki tengsl hönnunar við eigin raunveruleika, þ.e.a.s. eigin fatnað, húsgögn, hjól, merki, tölvuleiki o.s.frv.
- þekki ferli hönnunar frá hugmynd til vöru, skoði mynddæmi um verk unnin í anda impressjónisma og expressjónisma og geti lýst einkennum þeirra

Námsefni

Myndmennt II

Ýmsar myndlistarbækur

Kennsluform

Innlögn, leiðsögn, tilraunir, sköpun, leikir, hópa- og sjálfstæð vinna.

Námsmat

Í myndmennt er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 60%
- verkefni 40%

Náttúrufræði (eðlis-, efna og jarðfræði)

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

Eðlisvísindi

- viti að til eru ólíkar gerðir krafta, svo sem flotkraftur, lyftikraftur, aðdráttarkraftur
- átti sig á hugtökunum vegalengd, tími og hraði
- geri sér grein fyrir að vélar, s.s. tannhjól, gírar, öxlar og trissur eru tæki sem hjálpa með því að margfalda krafta og að í þeim tapast alltaf orka
- þekki bylgjueiginleika yfirborðsbylgna á vatni og bylgna á streng
- geri sér grein fyrir skynjanlegum eiginleikum hljóðs

Jarðvísindi

- þekki lagskiptingu og efnasamsetningu lofthjúps jarðar og þýðingu fyrir lífríkið
- geri sér grein fyrir orsökum mismunandi veðurfars og loftlags
- geri sér grein fyrir eldvirkni á Íslandi og afleiðingum fyrirbærisins
- geri sér grein fyrir hvernig frost, jöklar, vindar, hafið og vatnsföll móta landslag í heimabyggð
- þekki eldstöðvar og áhrif þeirra í heimabyggð
- geri sér grein fyrir mikilvægi heilnæms andrúmslofts, hvaðan loftmengun kemur, áhrifum hennar og hvað megi gera til að draga úr henni

Námsefni

Auðvitað bók 2

Kennsluform

Útlistunarkennsla, vettvangsferðir, verkefnavinna, verklegar æfingar, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaraðferðir og hópvinubrögð.

Námsmat

Í náttúrufræði er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 20%
- kannanir 50%
- vinnubók og verkefnavinna 30%

Náttúrufræði (líffræði)

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

Lífvisindi

- geri sér grein fyrir að lífverur eru ýmist ein- eða fjölfrumungar
- geri sér grein fyrir fjölbreytileika frumna
- viti að erfðir ráðast af genum sem eru í frumum
- þekki helstu líffærakerfi mannlíkamans og starfsemi þeirra í stórum dráttum
- viti hvernig barn verður til og fóstur þroskast
- geti lýst helstu breytingum sem verða á líkama mannsins frá fæðingu til elli ára
- geri sér grein fyrir hvernig mannlíkaminn nýtir fæðuna og fær úr henni orku
- geti tekið skynsamlega afstöðu í kynferðismálum út frá þekkingu á einkennum og hlutverki kynþroskaaldursins
- skilji ábyrgð sína á eigin heilsu og möguleikum sínum til að koma í veg fyrir ýmsa sjúkdóma
- beri virðingu fyrir lífandi verum, lífnaðarháttum þeirra og búsvæðum og skilji eðlilegar takmarkanir á nýtingu þeirra
- geri sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma komandi kynslóða byggist á umgengi hans við náttúruna
- sýni ábyrgð á íslenskri náttúru og gera sér grein fyrir sérstöðu hennar

Átthagafræði

- læri um síli, veiði (í Vaðlinum) og telji.

Námsefni

Maðurinn – hugur og heilsa.

Hornsíli

Kennsluform

Útlistunarkennsla, vettvangsferðir, verkefnavinna, verklegar æfingar, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaraðferðir og hópvinubrögð.

Námsmat

Í náttúrufræði er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 20%
- kannanir 50%
- vinnubók og verkefnavinna 30%

Samfélagsfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

Saga

- fræðist um goðaveldi
- fræðist um kristnitöku á Íslandi
- kynnist nokkrum atriðum í lífshlaupi Snorra Sturlusonar
- læri um valdabaráttu á Sturlungaöld
- þekki hvernig Íslendingar gengust undir vald Noregskonungs
- þekki matarvenjur og lífnaðarhætti á tímum víkinga

Landafræði

- þekki á korti nöfn og legu Norðurlandanna
- þekki stærstu borgir, ár, vötn, eyjar og fjallgarða Norðurlandanna
- kynnist landslagi, náttúrufari og auðlindum Norðurlandanna
- þekki helstu atvinnuvegi Norðurlandabúa og framleiðslu þeirra
- þekki stjórnarfar á Norðurlöndunum

Námsefni

Snorra saga eftir Þórarin Eldjárn

Ítarefni frá kennara

Norðurlönd

Kortabækur

Kennsluform

Stuðst verður við gagnvirkan lestur í vinnunni við Snorra sögu og kennari fer yfir námsefnið með með nemendum. Unnin verkefni í bók sem nemendur búa til frá grunni. Jafnframt verður farið í útlistanir, umræður, sköpun, innlifun og tjáningu þar sem nemendur vinna í einstaklings- og hópvinna.

Námsmat

Í samfélagsfræði er um símat að ræða og gefin er skólaeinkunn að hausti og vori.

- vinnubók 70%
- ástundun og vinnubrögð 30%.

Stærðfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

- fáist við aðgerðir með heilum tölum með allt að fjögurra stafa útkomu, deilingu þó með eins stafs tölu
- kynnist hlutverki núllsins í samlagningu
- margfaldi og deili í tugabrot með einum aukastaf með heilli tölu
- reikni með tugabrotum í hagnýtum tilgangi, t.d. í tengslum við mælingar
- noti reiknivélar við allan algengan reikning
- sjái að margföldun og deiling með 100 jafngilda færslu um tvö sæti í tugakerfi
- þjálfist í að nota hugarreikning

Lausnir verkefna og þrauta

- þjálfist í að leita leiða til leysa þrautir
- temji sér að prófa lausnir sínar
- noti fjölbreyttar aðferðir við lausn verkefna
- geti gert grein fyrir aðferðum sínum í rituðu máli og á myndrænu formi.

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

- reikni tímalengd úr áætlana- og stundatöflum
- átti sig á uppbyggingu metrakerfisins og geti breytt milli algengra eininga í metrakerfi, s.s. m í cm og mm, kg í g og l í dl

Rúmfræði

- telji hliðar, brúnar og horn á margflötungum
- teikni og mæli horn með a.m.k. 5° nákvæmni
- kanni hvaða reglulegir margflötungar geta þakið flöt
- vinni með hornasummu þríhyrnings teikni þríhyrning með gefnum stærðum

Hlutföll og prósentur

- kynnist notkun orðsins hlutfall og prósentum, t.d. í hlutfalli drengja á móti stúlkna í hóp eða hlutföllum í vinnuteikningum
- finni tiltekinn hluta af heild í eðlilegu samhengi
- umreikni verð í erlendum gjaldmiðli í íslenskar krónur og öfugt
- reikni 10%, 25% og 50% af stærðum í eðlilegu samhengi
- breyti prósentum í almenn brot

Tölur

- sjái hvenær tvö almenn brot eru jöfn
- raði tugabrotum eftir stærð
- kynnist fyrstu 6-8 frumtölunum
- kynnist deilingu með afgangi
- breyti tugabrotum með tveimur aukastöfum í almenn brot
- breyti einföldum brotum eins og $1/4$, $1/3$ og $3/4$ í tugabrot

Tölfræði og líkindafræði

- geti notað tölfræði (finna meðaltal)
- geti teiknað og lesið úr upplýsingum af súluriti, stöpplariti og línuriti.

Námsefni

Geisli 2, grunnbók

Geisli 2, vinnubók 2A og 2B

Bækurnar Hringur 1 og 2.

Ítarefni frá kennara

Námsleiðir

Í tímum vinna nemendur einstaklingslega eða í hópum, fer eftir viðfangsefni hverju sinni. Unnið verður að þrautalausnum og öðrum verkefnum sem reyna á samvinnu nemenda. Lögð verður áhersla á skipulögð og vönduð vinnubrögð.

Námsmat

Gefinn et skólaeinkunn og prófseinkunn að hausti og vori.

Skólaeinkunn

- ástundun og vinnubrögð 30%
- heimadæmi 40%
- kannanir 30%

Sund

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- ná nauðsynlegri sundfærni skv. aðalnámskrá (6. stig)
- auki þol, styrk, kraft og tækni

Námsefni

Hjálpargögn: korkur, boltar, hringir, flothringir o.fl.

Kennsluform

Fyrirlestrar kennara, sýni- og munnleg kennsla. Endurtekningaraðferðin. Leikir og þrautir.

Námsmat

Í sundi er gefin skólaeinkunn að hausti og vori og prófseinkunn að vori, þ.e.

- Mæting, virkni og viðhorf til viðfangsefna 100%

6. sundstig

- 50m skólabaksund
- 25m skriðsund
- 25m baksund
- stunga af bakka
- kafa eftir hlaut á 1-2m dýpi eftir 5m sund
- 25m bringusund tímalágmark er 35,0 sek
- 200m bringusund án hvíldar
- 15m björgunarsund með skólabaksundfótatökum
- 8m kafsund

Textílmennt

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- sýni fram á skipulögð og vönduð vinnubrögð
- kunni að nota saumavélar
- öðlist færni í að sníða úr textílefni og mæla fyrir saumförum
- sýni fram á sjálfstæði í lita- og efnisvali við eigin sköpunarverk
- kynnist eiginleikum henna ýmsu efna
- læri að hekla loftlykkjur, fastahekl og/eða stuðlahekl

Námsefni

Handbækur, blöð og bækur

Kennsluform

Reynt verður að hafa verkefnin sem fjölbreyttust og við hæfi hvers og eins. Innlögn og sýnikennsla þar sem verkefnið er útskýrt fyrir nemendum. Að öðru leyti er kennslan einstaklingsbundin.

Námsmat

Í textílmennt er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 60%
- verkefni 40%

Tónmennt

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- auki víðsýni á tónlist og verði virkir þátttakendur og þyggjendur tónlistar
- sýni vaxandi skilning á sögulegu og samfélagslegu hlutverki tónlistar sem unnið er með
- dýpki kunnáttu á ólíkum þáttum tónlistarinnar. verði færir um að kynna tónlist sem þeim líkar.
- geti heyrt, greint og sýnt þekkingu á ólíkum tónlistarstíltegundum sem unnið hefur verið með.

Námsefni

Byggt er á efni úr Tónmennt, 4. og 5. hefti, auk ítarefnis frá kennara.

Kennsluform

Söngur og skólahljóðfæraleikur – fjölbreytt lög og ljóð

Kynning á völdum íslenskum og erlendum tónskáldum

Fræðsla um íslensk þjóðlög og þjóðlagasöfnun

Nemendur skynji hljóðheiminn og greini ólíkan stíl tónskálda frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar.

Nemendur vinna kynningu á eftirlætis tónlistarmanni/mönnum og flytja hana.

Hljóðfærakynning: Nemendur læri að þekkja mismunandi hljóðfæri í sjón og hljóðblæ og geri sér grein fyrir möguleikum þeirra og gerð.

Ýmsir hreyfileikir útrá sönglögum, hlustun og formi.

Námsmat

Gefin er skólæinkunn að hausti og vori.

- ástundun 50%
- verkefni 50%

Trúarbragðafræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- læri um helstu staðreyndir og siðaboðskap islam og gyðingdóms
- öðlist skilning og virðingu fyrir trú og menningu annarra
- tileinki sér samskiptareglur sem byggjast á kærleik og umhyggju fyrir öðrum mönnum, öllu lífi og umhverfi.

Námsefni

Islam – Að lúta vilja Guðs

Gyðingdómur – Sáttmáli þjóðar

Kennsluform

Notast verður við námsleiðina gagnvirkur lestur þar sem nemendur lesa saman yfir námsefnið og kennarinn fer yfir það með nemendum. Kennslan verður í námskeiðsformi þar sem námsefninu er skipt upp í tvo flokka.

Námsmat

Gefin er skólaeinkunn að hausti og vori. Um símat að ræða.

- vinnubók 70%
- virkni og frumkvæði 30%

Tölvur

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- tileinki sér jákvæða afstöðu til tölvunotkunar
- læri að umgangast tölvurnar sem sjálfsagt verkfæri.
- kynnist tölvunni sem tæki til náms og annarrar vinnu
- kundi að skrifa texta, myndskreyta og setja inn myndir úr öðrum forritum sem og af veraldarvefnum
- noti tölvuna til verkefnavinnu
- nái tökum á réttri fingrasetningu
- geti vistað og náð í skjöl
- geti geymt upplýsingar með skiplögðum hætti

Námsefni

Upplýsingatækni 5. til 7. bekkur

Ýmis kennsluforrit

Ritfínnur (vélritun)

Kennsluform

Kennslan fer fram í tölvustofu og er bæði bókleg og verkleg.

Námsmat

Gefin er skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 60%
- verkefni 40%